


Reykjavík 02.03.2023

Varðar: Grjótháls 1-11 – (fsp)

Skoðuð er fyrirspurn Tark arkitekta ehf., dags. 22.12.2022, f.h.Össur ehf. og Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. um breytingu á deiliskipulagi sem leyfir bílastæði samsíða akbraut norðan megin við Fosshálsinn. Erindi fylgja tillöguupprættir Tark arkitekta ehf. dags. 22.12.2022



Bílastæði samsíða akbraut skv. tillögu

Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á atvinnusvæði (AT2)
Í gildi er deiliskipulag Hálsahverfis, dags. 26.09.2000, með síðari breytingum.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Umsögn:

Erindi var borið undir Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Eftirfarandi athugasemdir eru frá Hliðarstæði þarna munu rýra gæði gangstéttar (Hafa ber í huga að á hluta af þessum kafla er hár veggur, þannig að rýmisupplifun verður að þrengt sé verulega að gangandi og hjólandi umferð frá báðum hliðum

- Stæði munu skapa aukna hættu að hurð sé opnuð fyrir hjólandi vegfarendum og þar með minnka virka breidd göngu- og hjólasvæðis.
- Út frá fagurfræðilegum sjónarmiðum mun tillaga minnka gróður í umhverfi götunnar
- Ekki eru fordæmi fyrir bílastæðum á borgarlandi á svæðinu, ef frá eru talin tímabundin bílastæði milli Grjótháls og Vesturlandsvegur
- Verði heimiluð bílastæði í götukanti Fossháls er ekki ólíklegt að lóðarhafar við sambærilegar götur á svæðinu kalli eftir sambærilegum lausnum á þeim götum sem skapar aukna umferðarhættu
- Ekki er að sjá að breytingar hafi orðið í borgarlandi sem kalli á fjölgun bílastæða. Samkvæmt loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar á að fækka stæðum á borgarlandi um 2% árlega og breyta ferðavenjum íbúa.
- Verði ákveðið að taka þessa hugmynd áfram, þá yrði ekki gert ráð fyrir gangbrautum þarna og stæði þyrftu að taka tillit til sjónlengda þar sem gert er ráð fyrir opnunum. Hugsanlega þyrfti þá að skoða málið út frá hugmyndum um hjólastíg og öðrum umferðartæknilegum og umferðaröryggislegum sjónarmiðum.

Niðurstaða:

Neikvætt er tekið í fyrirspurn.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnisstjóri